

stefnuvottar í Hólmasókn, birt hana fyrir hinum stefnda sjálfum hinn 22. júnímán. p. á., en áteiknunin ber það eigi greinilega með sjer, hvort það hefur verið á heimili hans, og auk þess er þetta birtingarvottorð eigi staðfest með innsiglium stefnuvottanna, eins og fyrir er skipað í tilskipun 3. júní 1796, 20. gr. i. f. Vottorðið er fyrir því eigi nægileg sönnun fyrir lögmaetri stefnubirting og verður þar af leiðandi að vísa stefnunni frá ex officio. Um dóm fyrir málskostnaði getur eigi orðið að ræða eptir þessum úrslitum sakarinnar.

Því dæmist rjett að vera:

Stefnunni í máli þessu vísast frá rjettinum.

Mánudaginn 24. septembermánaðar.

Nr. 5/1894:

Rjettvísun

gegn

Elías Jónssyni.

D ó m u r:

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 2. oktbr. f. á., var hinn ákærði Elías Jónsson vinnu- maður frá Ærlæk, dæmdur samkvæmt 171. gr. sbr. 1. gr. hinna almennu hegningarlaga til að sæta eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, þar á meðal 4 kr. þóknun til hins skipaða talsmanns hans í hjeraði, Þorleifs prests Jónssonar á Skinnastöðum, en dómi þessum hefur verið skotið til yfir dómsins fyrir hönd rjettvísinnar.

Það er með eigin játningu hins ákærða löglega sann-

að, að hann tvisvar sinnum á árinu 1892—93 hafði holdlegt samræði við stúlkuna Kristínu Gunnarsdóttur, sem var á sama bæ og hann, en nú er dái, og sem að dómi læknis og þeirra, er hana þekktu, var vitfirringur, og atvikaðist þetta svo, eptir skýrslu ákærða, að Kristín, sem áður virtist hafa sýnt sig í lauslæti, leit-aði á ákærða að fyrri bragði í bæði skiptin, og var komin um nótt í rúm hjá honum, er hann vaknaði. Þetta brot hins ákærða er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 171. gr. almennra hegningarlaga. En með því að ákærði samkvæmt vottorði læknis, er hefir rannsakað hann, meðan á málinu stóð, er eigi alveg heill á sálu, en læknirinn telur hann bjána (imbecil), þá þykir rjett, eins og undirdómarinn hefir gjört, að refsing hans sje ákveðin með hlíðsjón til 40. gr. hegningarlaganna og þykir hún hæfilega sett í undirdóminum mánaðarfangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Með því að yfirdómurinn fellst á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm í öllum greinum. Hinum ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjanði aukarjettardómur á að vera ó-raskaður. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun þessari löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningslaun til hins skipaða sækjanda og verj-

anda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 1. októbermánaðar.

Rjettvísinn

gegn

Nr. 32/1894:

Kristni Sigurðssyni.

D ó m u r:

Með því að vottorð það, sem ritað er á yfirdómsstefnuna í þessu máli um birting stefnunnar fyrir hinum dómfellda, ekki er staðfest af þeim, sem birt hafa, með skírskotun til unnins stefnuvottaeiðs, eins og fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 20. gr., ber að vísa stefnunni frá yfirdómi til nýrrar og löglegrar birtingar.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum til nýrrar og löglegrar birtingar.

Nr. 33/1894:

Rjettvísinn

gegn

Pálma Björnssyni.

D ó m u r:

Með því vottorð það, sem ritað er á yfirdómsstefnuna í þessu máli um birting hennar fyrir hinum dóm-